

Fjölmennt og Geðhjálp skora á ráðherra:

Öllum hefur verið sagt upp

MENNTAMÁL Öllum kennurum og starfsfólki samstarfsverkefnis Fjölmenntar og Geðhjálpar um menntun og starfsendurhæfingu geðsjúkra hefur verið sagt upp störfum, að því er fram kemur í frétt frá Geðhjálp. Yfir 100 einstaklingar hafa nú beðið í óvissu um nokkurra mánaða skeið um afdrif menntunar sinnar og starfsendurhæfingar í haust, að því er fram kemur. Þetta ástand hefur skapað öryggisleysi hjá nemendum, kennurum og aðstandendum.

Enn hefur ekki verið tryggð fjárveiting til verkefnisins þrátt fyrir viðurkenningu á mikilvægi þess. Í ljósi yfirlýsts velvilja ofangreindra ráðherra ríkisstjórnar Íslands og viðurkenningar þeirra á þessari starfsemi hvetur stjórn Geðhjálpar menntamálaráðherra, félagsmálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til að tryggja tafarlaust framtíð samstarfsverkefnis Fjölmenntar og Geðhjálpar. ■